

Nd.

189. Breytingartillögur

við frv. til laga um landnáms sjóð Íslands.

Frá Jóni Ólafssyni.

1. Við 1. gr. Í stað »100 þús.« komi: 200 þús.
2. Við 2. gr.
 - a. Í stað »fjölga« komi: endurreisa og fjölga.
 - b. Fyrir orðin »á landi ... einkaeign« komi: á landi, sem er í einkaeign eða í eign sveitar- eða bæjarfjelaga.
 - c. Við bætist liður c: að lána fje til byggingar á býlum, sem ern að leggjast í eyði vegna húsaleysis.
3. Við 3. gr.
 - a. Í stað »framlagi« komi: láni.
 - b. Á eftir orðinu »nýbýla« komi: eða byggingar.
 - c. Á nndan a-lið komi nýr stafliður, svo hljóðandi:
 - a. að nmsækjandi hæfi fulla eignarheimild á landinu eða erfðafestuheimild.
 - d. Aftan við orðið »fjölskyldn« i a-lið komi: eftir kringnmstæðum. Liðatalan breytist samkvæmt atkvgr.
 - e. Við bætist nýr liður, svo hljóðandi:
 - d. að viðkomandi búnaðarsamband mæli með lánbeiðninni.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Lán til nýbýla og bygginga skulu vera afborgnnar- og vaxtalans fyrstu 10 árin. Síðan skal lánsupphæðin endurgreidd á 42 árum með jöfnum afborgnnm og 4% ársvöxtum, þannig, að afgjaldið sje jafnt öll árin. Mannvirki þau, sem lánað er til, skulu vera að veði fyrir láninu með 1. veðrjetti, svo og landið. Þó má sjóðsstjórnin, er ástæðnr þykja til, taka að veði 2. veðrjett i landinn.
5. Við 5. gr.
 - a. Fyrri málsliður orðist svo:

Lánbeiðnnm einstakra manna samkv. 4. gr. skal, eftir því sem ástæður leyfa, sint á nndan lánsþörf til jarðeigna ríkis, sveitar- eða bæjarfjelaga.
 - b. Síðari málsliður (»Sjeu nmsóknir« o. s. frv.) falli niður.
6. Við 6. gr.
 - a. Í stað »framlagi« komi: láni.
 - b. Á eftir orðnnm »úr landnáms sjóði« komi: á jarðeignum ríkisins skuln seld. Um greiðslu kaupverðs fer samkvæmt lögum um söln þjóðjarða. Orðin »skulu seld« o. s. frv. falli niður.
7. Við 7. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Upphæð lána samkvæmt lögum þessum má nema til bygginga o. s. frv.
8. Við 8. gr. Greinin falli niður. Greinatalan breytist samkvæmt því.
9. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

Vextir og afborganir lána, sem veitt eru samkvæmt lögum þessum, sem og andvirði seldra nýbýla, nema jarðarverðið, renna í landnámsjóð.

10. Við 10. gr.

a. Fyrir »Þjóðbanka Íslands« komi: Landsbanka Íslands.

b. Orðin «eða í jarðræktarbrjefum» falli burt.

11. Við 11. gr. Greinin orðist svo:

Stjórn sjóðsins og reikningshald skal falið ræktunarsjóði Íslands, og hefir stjórn ræktunarsjóðsins sjer til aðstoðar við lánveitingar þriggja manna nefnd, sem skipuð sje búnaðarmálastjóra, ráðunaut stjórnarinnar um bygging sveitabæja og þriðja manni, er atvinnumálaráðherra nefnir til. Skal ekkert lán veitt úr sjóðnum nema nefndin mæli með því.

12. Við 12. gr. Greinin orðist svo:

Nánari reglur um sjóðinn setur atvinnumálaráðherra, og hefir hann yfirstjórn sjóðsins á hendi.